

ENDURMAT



Austurkór

SJÁLFBÆRNI & VÍSINDI

Skólaárið 2020-2021





LEIKSKÓLINN AUSTURKÓR

INNGANGUR

Eins og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla þá er það á ábyrgð sveitarfélaga að hafa eftirlit með starfsemi sinna leikskóla og tryggja að farið sé eftir lögum, reglugerðum og Aðalnámskránni.

Þessi samantekt á endurmati skólans um námsþáttinn sjálfbærni og vísindi er gerð að beiðni Menntasviðs og er hluti af ytra mati.

En niðurstöðurnar eru jafnframt nýttar innan veggja skólans til að auka gæði námsins - vinna með styrkleika skólans og bæta það sem má betur fara.

FRAMKVÆMD

Matið er byggt á viðmiðum/gátlistum sem unnir voru af nefnd á vegum Menntasviðs.

Gagnaöflun var gerð með svipuðum hætti og árið 2019-2020 Matsteymi var sett saman, farið var inn á allar deildir og ákveðnir þættir metnir út frá gátlistunum, einnig svaraði starfsfólkið rafrænum matslista/skoðanakönnun. Framkvæmdin fór fram í maí 2021.

Í teyminu voru Unnur Ólöf Gunnarsdóttir sérkennslustjóri, Svanhvit Friðriksdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir sérkennari og Guðný Anna Þóreyjar Ragnarsdóttir leikskólastjóri.

Efnistöð matsins voru flokkuð niður og sá Unnur um að meta námsefni, og umhverfi utan deilda sem og andrúmsloft, aðbúnað og samskipti í matsal/matmálstímum. Gróa setti fókusinn á dagskipulagið þ.e. skipulagðar stundir, leikinn og virkni kennara að nýta námstækifæri sem upp koma og tengjast námsþættinum. Svanhvit skoðaði skráningar deildanna frá Ævintýrferðum (en svo nefnast útinámsferðirnar í Austurkór) sem og hvernig unnið er með náttúruna, árstíðirnar og vistspor í öllu starfi deildanna. Guðný Anna setti saman spurningarlista sem starfsfólkið svaraði og vann úr þeim upplýsingum.





NIÐURSTÖÐUR

Matsteymið setti saman niðurstöður byggðar á þeim gögnum sem talin eru hér á undan og voru þær kynntar á deildarstjórafundum í maí sem og nýttar sem umræðupunktur með starfsfólki þegar að endurmat á starfsáætlun skólaársins fór fram í maí og júní.

Engin ágreiningsmál komu upp í þessari umræðu og starfsmannahópurinn samstíga í þeim þáttum skólastarfsins sem þarfnast úrbóta.

Styrkleikar deildanna eru mismunandi og er tækifæri fólgið í því að skoða og tileinka sér hvað er gert vel hjá kollegunum.

Styrkleikar Sjónarhóls eru:

- Markmið starfsáætlunar deildarinnar sýnileg og eftirfylgni með henni markviss
- Tengsl á milli verkefna deildarinnar og Ævintýraferða
- Verið að leggja inn hugtök m.a. tengdum stærfræði (form, talnagildi o.fl.)

Styrkleikar Esju eru:

- Alúð við umhverfið s.s. ræktun blóma
- Náttúrulegur efniviður hluti af leikefni barnanna
- Markvisst spiluð spil og unnið með stærðfræðihugtök
- Verkefni - Gerð samfélagssáttmála, Eldgos

Styrkleikar Lundar eru:

- Náttúrulegur efniviður hluti af leikefni barnanna og aðgengi einstaklega gott
- Hlustun kennara og samvinna milli þeirra og barnanna í verkefnavali
- Alúð við umhverfi - fiskabúr

Styrkleikar Öskju eru:

- Skjávarpi markvisst notaður til að auðga leikinn sem og í beinni fræðslu
- Verkefni - Eldgos, samskiptasáttmáli
- Bókalestur markviss - bæði oftast lesið en á öðrum deildum og bækur meira nýttar til að fræðast um ákveðin viðfangsefni
- Alúð við umhverfi - fiskabúr, blóm





Þau atriði sem má bæta í skólastarfinu í heild:

- Víðtækari endurvinnsla og markvissari umræða um vistspor
- Nota þau námsgögn og námstæki sem til eru í skólanum markvissar s.s. numicon, ljósaborð, vísindavagn, skjávarpa
- Skipuleggja ævintýraferðir með skýrari námstilgang og í meiri tengslum við árstíðirnar. Einnig að upplifa fjölbreyttari náttúru s.s. fjöruferð
- Vinna markvissar með stærðfræðihugtök og form
- Setja námsumhverfið upp markvissar og skipta út oftast um námsefni

UMBÆTUR

Aðgerðaráætlun:

- Til að námsmarkmið ferðanna verði skýrari mun sérgreinastjóri uppfæra skráningarblaðið sem ábyrgðaraðili ferðanna fyllir út fyrirfram (markmið, hvaða náms- og þroskaþætti er verið að vinna með, ofl.). Verklök: Ágúst 2021
- Til að upplifun og reynsla barnanna í ferðunum verði sem víðtækust s.s. umhverfi, tenging við árstíðir og mismunandi nátturgerðir þarf að skipuleggja slíkar ferðir á deildum. Það verður gert í starfsáætlun deildanna og ábyrgðaraðilar eru deildarstjórar. Heimsmarkmiðanefndin sér um eftirfylgni a.m.k. 1 sinni á önn. Verklök: September 2021
- Verkferlar vegna flokkunar og tenging við Heimsmarkmiðin verður endurskoðuð í tengslum við endurskoðun á skólanámskrá skólans næsta skólaár. Ábyrgðaraðilar: Heimsmarkmiðanefndin og ritstjórar skólanámskrár. Verklök: Júní 2022
- Til að börnin fái tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið og námstæki mun búnaður sem skólinn á og er mismikið notaður verða "eyrnamerkur" ákveðinni deild í ákveðin tíma (svipað skipulag og nú er varðandi ábyrgð svæða). Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri. Verklök: Ágúst 2021





LEIKSKÓLINN AUSTURKÓR

- Til að skýrt sé hvaða markmið og leiðir skólinn setur sér í tengslum við þennan námsþátt sem og aðra verður endurskoðun á þeim og ný viðmið sett inn í samræmi við þetta endurmat þegar að skólanámskráin verður endurskoðuð skólaárið 2021-2022. Ábyrgðaraðili: Ritstjóri skólanámskrár, skólastjórindur. Verklök: Júní 2022
- Til að vinna markvissar með stærðfræði sem og hugtakanotkun henni tengd munu deildarnar setja inn í sína starfsáætlun markmið og leiðir til umbóta. Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar. Eftirfylgni í höndum sérkennslustjóra. Verklök: Ágúst 2021
- Vegna þeirrar endurskoðunar á stefnu skólans þá þarf starfsliðið að fá svigrúm til að skoða eigin viðhorf og gildi og hvort þau tengist sýn skólans. Einnig kom fram í skoðannakönnuninni sem lögð var fyrir í maí að starfsfólk óskar eftir fræðslu í tengslum við flokkun o.fl. Þessi atriði þurfa því að fá tíma og rými í símenntunaráætlun skólans næsta skólaár. Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri. Verklök: 2022
- Umhverfi (innsetningar, námsefni, o.fl.) þarf að vera uppfært oft og þurfa kennarar að hafa skýrari markmið/tilgang með því hvernig það er gert og hvers vegna. Í starfsáætlunum deilda sem og umhverfisnefnda þarf að setja inn markmið og leiðir með "umhverfinu sem 3 kennara a la Reggio". Ábyrgðaraðilar: Deildarstjórar og nefndarmenn umhverfisnefndarinnar. Verklök: júní 2022

